

Fimmtudaginn 3. mars 1983.

Nr. 124/1980. **Fjármálaráðherra og ríkissaksóknari
f. h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

Einari Gunnari Bollasyni og

Ingvari Björnssyni héraðsdómslögmanni

(Ingvar Björnsson hdl.)

og

Einar Gunnar Bollason

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Lögmannslaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 23. júlí 1980. Dómkröfur hans eru þær, að bótafjárhæð til handa gagnáfrýjanda, Einari Gunnari Bollasyni, og fjárhæð málssóknarlauna stefnda, Ingvars Björnssonar, verði lækkaðar til mikilla muna. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að málskostnaður verði felldur niður bæði í hér-
aði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. ágúst 1980. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 1.293.531.60 krónur með 13% ársvöxtum frá 26. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 9. febrúar 1983 og eftir það með dómvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum aðra lægri fjár-

hæð, en með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Ingvar krefst þess aðallega, að kröfum aðaláfrýjanda á hendur honum verði vísað frá Hæstarétti, en til vara krefst stefndi þess, að ákvörðun héraðsdóms um málssóknarlaun verði staðfest. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti, hvor krafan sem verði tekin til greina.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að bætur til gagnáfrýjanda beri að ákvarða á grundvelli XVIII. kafla laga nr. 74/1974, sbr. 150., 152. og 155. gr., en aðaláfrýjandi hefur viðurkennt þá bótaábyrgð. Verður nú fjallað um einstaka liði í kröfum gagnáfrýjanda.

Um 1.—4. og 6. kröfulið.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjanda sé eigi skylt að bæta gagnáfrýjanda það tjón, sem hann krefst bóta fyrir samkvæmt 2. og 6. kröfulið. Hins vegar er nægilega í ljós leitt, að gæsluvarðhaldið hefur valdið gagnáfrýjanda missi í vinnutekjum, bæði meðan á varðhaldsvist stóð og eftir að henni lauk. Bætur til gagnáfrýjanda af þeim sökum þykja með hliðsjón af kröfugerð hans hæfilega ákveðnar í einu lagi 6.500.00 krónur. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda fjárhæð þessa með vöxtum frá 10. maí 1976 til greiðsludags, eins og nánar greinir í dómsorði.

Um 5. og 7. kröfulið.

Er gagnáfrýjandi var hnepptur í gæsluvarðhald hinn 26. janúar 1976, hafði hann um það bil lokið smíði einbýlishúss þess, sem hann bjó í ásamt fjölskyldu sinni. Þykir mega ganga út frá því, að gæsluvarðhaldsvist gagnáfrýjanda hafi leitt til sölu hússins og raskað fjárhag hans með öðrum hætti. Var eðlilegt, að gagnáfrýjandi leitaði aðstoðar lögmanns síns af þessu tilefni. Hefur gagnáfrýjandi þannig orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem rétt er, að hann fái bætt úr hendi aðaláfrýjanda. Ósannað er hins vegar, að gagnáfrýjandi hafi orðið að selja hús sitt undir sannvirði. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af kröfugerð gagnáfrýjanda þykir hæfilegt að bæta gagnáfrýjanda það tjón, sem hér um ræðir, með 10.000.00 krónum. Ber að dæma

aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda fjárhæð þessa með vöxtum, svo sem segir í dómsorði.

Um 8. kröfulið.

Undir þessum kröfulið krefur gagnáfrýjandi um miskabætur vegna gæsluvarðhaldsins. Við ákvörðun miskabóta til gagnáfrýjanda ber einkum að líta til þess, að honum var haldið saklausum í gæsluvarðhaldi um $3\frac{1}{2}$ mánaðarskeið vegna gruns um, að hann væri viðriðinn stórfelldar misgerðir, þar á meðal það alvarlegasta afbrot, sem um ræðir. Húsakynni þau, sem hann var vistaður í, voru ekki forsvaranleg til svo langrar vistunar, og tók sig þar upp sjúkdómur, sem áður hafði orðið vart. Á meðan á gæsluvarðhaldi stóð og í framhaldi af því, varð gagnáfrýjandi síðan fyrir barðinu á einstæðri umræðu í ýmsum fjölmiðlum, er vógu að mannorði hans og annarra með getsökum og hleypidómum. Í kjölfar gæsluvarðhaldsins fylgdi skerðing á ferðafrelsi og grunsendir, uns hið sanna í málinu var í ljós leitt.

Þegar ákveða skal miskabætur, er ekki eingöngu á hina óvenjulangvinnu gæsluvarðhaldsvist að líta, heldur einnig þá fáheyrðu andlegu og líkamlegu raun, sem henni var samfara, þótt gagnáfrýjandi hafi að lokum verið hreinsaður af öllum grun.

Með vísan til framanritaðs þykja miskabætur til gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar 220.000.00 krónur. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 10. maí 1976, svo sem segir í dómsorði.

Ekki eru efni til að sinna frávísunarkröfu stefnda, Ingvars Björnssonar.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda allan málskostnað, þar með talin laun talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, samtals 65.000.00 krónur.

Að því er varðar kröfu aðaláfrýjanda á hendur stefnda þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra og rikissaksóknari f. h. rikissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Einari Gunnari Bollasyni,

236.500.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 10. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Aðaláfrýjandi greiði allan kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns gagnáfrýjanda, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, samtals 65.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Pórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara og Gauks Jörundssonar, setts hæstaréttardómara.

Við teljum miskabætur til gagnáfrýjanda, Einars Gunnars Bollasonar, hæfilega ákveðnar 270.000.00 krónur. Í þeirri fjárhæð hefur verið tekið tillit til vaxta frá gæsluvarðhaldstíma, og samkvæmt því teljum við, að dæma ætti aðaláfrýjanda, fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs, til að greiða gagnáfrýjanda upphæðina með hæstu innlánsvöxtum frá uppsögu dóms Hæstaréttar til greiðsludags, eins og vextir þessir verða á hverjum tíma.

Að öðru leyti erum við sammála rökstuðningi og niðurstöðum meiri hluta dómenda.

Niðurstaða okkar er því sú, að dæma beri aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 286.500.00 krónur með vöxtum af 16.500.00 krónur, svo sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda, til uppsögu dóms Hæstaréttar, en síðan með hæstu innlánsvöxtum af 286.500.00 krónum frá þeim degi til greiðsludags, eins og vextir þessir verða á hverjum tíma.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. mars sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 14. júlí 1977, og framhaldsstefnu, birtri 17. janúar 1980, af Einari Gunnari Bollasyni kennara, Hlíðarvegi 38, Kópavogi, gegn fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði fjárbætur og miskabætur skv. 18. kafla laga nr. 74/1974, að fjárhæð kr. 129.353.161 með 14% ársvöxtum frá 26. janúar 1976 til 7. júlí 1977, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins, þó eigi lægri en skv. gjaldskrá LMFÍ, eins og hér væri ekki um gjafsóknarmál að ræða.

Stefndu gera þær dómkröfur, að stefnufjárhæðin verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður verði látinn falla niður. Þeir mótmæla því, að kröfugerð til hækunar í framhaldsstefnu nái fram að ganga.

Sáttaumleitanir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir.

Stefnandi var handtekinn hinn 26. janúar 1976 og úrskurðaður í 45 daga gæsluvarðhald sama dag. Gæsluvarðhaldsvist hans var síðan tvívegis framlengd um 30 daga í hvort sinn, fyrst með úrskurði 11. mars 1976, en síðan með úrskurði 11. apríl 1976. Stefnandi var látinn laus úr gæsluvarðhaldinu í lok hins síðasta tímabils, 9. maí 1976, og hafði þá setið í gæsluvarðhaldi í 105 daga. Þá varð hann að sæta takmörkunum á ferðafrelsi til 1. júlí 1976.

Hinn 26. janúar 1976 voru auk stefnanda handteknir á sama tíma og af sama tilefni tveir aðrir menn, þeir Valdimar Olsen og Magnús Leópoldsson, og hinn fjórði, Sigurbjörn Eiríksson, var handtekinn hinn 11. febrúar 1976. Þessir fjórir menn voru allir látnir lausir úr gæsluvarðhaldinu hinn 9. maí 1976, en öllum var gert að sæta takmörkunum á ferðafrelsi til 1. júlí 1976. Handtöknar hinn 26. janúar fóru allar fram á heimilum mannanna kl. 6 um morguninn, sem var mánudagur. Þessi tími hafði verið valinn, svo nokkuð öruggt væri, að til allra mannanna næðist samtímis. Kvöldið áður höfðu verið kveðnir upp úrskurðir í sakadómum Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar um heimildir til handtakanna til þess að tryggja, að þær gengju tafarlaust fyrir sig. Enginn mannanna sýndi minnsta móthróa, og voru þeir allir fluttir í fangelsið við Síðumúla, og var tilefni handtökunnar þar skýrt fyrir þeim. Sigurbjörn Eiríksson, sem handtekinn var 11. febrúar 1976, var einnig fluttur í fangelsið í Síðumúla.

Á þessum tíma stóð yfir umfangsmikil rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar, sem fór frá heimili sínu í Keflavík kvöldið 19. nóvember 1974.

Rannsókn þessi hafði staðið í rúmt ár og vakið gífurlega athygli almennings, og skýrðu fjölmiðlar sífellt frá henni. Erla Bolladóttir, tvítug stúlka, hafði setið í gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að póstsvikamáli, en var látin laus skömmu fyrir jólin 1975. Sambýllismaður hennar, Sævar Marínó Ciesielski, einnig tvítugur að aldri, sat í gæsluvarðhaldi vegna aðildar að öðru mannhvarfi, hvarfi Guðmundar Einarssonar úr Reykjavík, í janúar 1974. Kristján Viðar Viðarsson, kunningi þeirra og vinur, einnig tvítugur að aldri, sat og í gæsluvarðhaldi vegna aðildar að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Þá gerðist það, að hinn 22. janúar 1976 skýrði Erla Bolladóttir þeim, sem að rannsókn málsins unnu, svo frá, að hún hefði mikinn beyg af einhverju og yrði fyrir ónæði af símhringingum. Hún var því boðuð til yfirheyrslu að kvöldi hins 22. janúar. Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómar, og Sigurbjörn Viðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður ræddu við Erlu í skrifstofu yfirfangavarðar í fangelsinu við Síðumúla, og á sama tíma ræddi Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumaður við Sævar Marínó í yfirhersluherbergi fangelsisins, og vissi hvorugt um nærveru hins. Sævar Marínó var þá spurður, hvort hann vissi, við hvað Erla væri hrædd, og sagði hann þá, að það mundi vera vegna Geirfinnsmálsins. Var hann inntur nánar eftir því máli, og nefndi hann þá nöfn þeirra Einars Gunnars, Valdimars og Magnúsar og sagði, að þeir hefðu allir tekið þátt í ferð til Keflavíkur um það leyti sem Geirfinnur Einarsson hvarf. Tekin var skrifleg skýrsla af Sævari Marínó um þessi atriði. Á sama tíma komu fram mjög svipuð atriði hjá Erlu, en skrifleg skýrsla var ekki tekin af henni fyrr en daginn eftir, hinn 23. janúar. Þann dag var tekin skýrsla af Kristjáni Viðari, sem viðurkenndi að hafa tekið þátt í ferð til Keflavíkur. Hann sagði, að farið hefði verið í Dráttarbrautina í Keflavík, þar sem verið hefðu Sævar Marínó og Erla ásamt Einari Gunnari Bollasyni og fleira fólki. Þau Sævar Marínó, Erla og Kristján Viðar héldu áfram að bendla þessa fjóra menn við hvarf Geirfinns Einarssonar í framburðum sínum í eftirfarandi skýrslum:

Kristján Viðar taldi framangreinda menn viðriðna hvarf Geirfinns sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 23. og 27. janúar 1976, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl sama ár. Enn fremur á dómþingi sakadóms hinn 31. mars og 6. apríl 1976.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar 1976.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976 og enn fremur á dómþingi sakadóms 31. mars.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar, 18. mars og 20. apríl 1976. Enn fremur á dómþingi sakadóms 31. mars og 8. apríl sama ár.

Sævar Marínó bendlaði þá við hvarf Geirfinns við yfirheyrslur sem hér

segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 22., 25. og 27. janúar, 10. febrúar og 8. maí 1976 og á dómþingi sakadóms 1. apríl sama ár.

Erla Bolladóttir bendlaði framangreinda menn við málið sem hér segir: Einar Gunnar Bollason hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 3. mars, 4. maí og 1. september 1976 svo og á dómþingi sakadóms 30. mars sama ár.

Magnús Leópoldsson hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar, 3. og 10. febrúar, 4. maí og 1. september 1976 og á dómþingi sakadóms 30. mars og 7. apríl sama ár.

Sigurbjörn Eiríksson hjá rannsóknarlögreglu 3. og 10. febrúar og 1. september 1976 og á dómþingi sakadóms 30. mars sama ár.

Valdimar Olsen hjá rannsóknarlögreglu 3. febrúar og 1. september 1976.

Framburðir ákærðu leiddu til þess, að þeir Valdimar Olsen, Einar Gunnar Bollason og Magnús Leópoldsson voru handteknir að morgni 26. janúar 1976. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag neituðu þeir allir alfarið að hafa nokkra hugmynd um hvarf Geirfinns Einarssonar eða vita um nokkuð, sem varpað gæti ljósi á, hvernig það kynni að hafa borið að höndum. Þennan sama dag voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald í allt að 45 dögum. Hinn 11. mars 1976 var gæsluvarðhald þeirra framlengt í allt að 30 dögum og hinn 9. apríl var það enn framlengt í allt að 30 dögum.

Sigurbjörn Eiríksson var handtekinn hinn 11. febrúar 1976, og við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þann dag neitaði hann með öllu að vita nokkuð um það, hvernig hvarf Geirfinns Einarssonar kynni að hafa borið að höndum. Sigurbjörn var þennan dag úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 45 dögum. Það gæsluvarðhald var síðan framlengt hinn 27. mars í allt að 30 dögum og enn hinn 26. apríl í allt að 45 dögum.

Hinn 9. maí 1976 var svo öllum mönnunum fjórum sleppt úr haldi. Neituðu þeir allan þann tíma, á meðan þeir sátu í gæsluvarðhaldi, að eiga nokkurn hlut að hvarfi Geirfinns Einarssonar eða hafa yfirleitt nokkra hugmynd um málið.

Undir hinni umfangsmiklu rannsókn málsins fór grunur að beinast að þeim Sævari Marínó, Erlu og Kristjáni Viðari um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar, og í yfirheyrslum fóru þau að staðhæfa, að Guðjón Skarphéðinsson hefði átt þátt í dauða Geirfinns. Guðjón þessi var handtekinn hinn 12. nóvember 1976 og úrskurðaður í gæsluvarðhald, og skýrði hann

að lokum frá raunverulegum afdrifum Geirfinns. Hinn 16. mars 1977 var gefin út ákæra á hendur Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski, Guðjóni Skarphéðinssyni og Erlu Bolladóttur fyrir manndráp og rangar sakargiftir. Ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Erlu var gefið að sök að hafa á árinu 1976 gerst sek um rangar sakargiftir í skýrslum, er þau gáfu rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur. Voru það samantekin ráð þeirra að bera í skýrslum þessum þær röngu sakir á Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen, að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og smygibrotum. Leiddu þessar sakargiftir til þess, að mönnum þessum var gert að sæta langvinnu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þessara sakarefna.

Fyrir sakadómi Reykjavíkur viðurkenndu þau Erla og Sævar Marinó, að þetta væri rétt. Sævar Marinó kvað þetta hafa verið samantekin ráð upphaflega og gerð í því skyni að rugla fyrir rannsóknaraðilja við rannsókn málsins. Erla skýrði frá því, að einhvern tímann stuttu eftir ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974 og dauða Geirfinns Einarssonar hafi ákærðu öll hist heima hjá Kristjáni Viðari að Grettisgötu 82. Þau hafi rætt sín á milli, hvað gera skyldi, ef upp kæmist um þátt þeirra í dauða Geirfinns Einarssonar. Ákveðið hafi verið að blanda Klúbbmönnum, þ. e. Magnúsi Leópoldssyni og Sigurbirni Eiríkssyni, inn í málið, ef upp kæmist, svo og bróður hennar, Einari Bollasyni, og Valdimar Olsen. Erla skýrði frá því, að þeim Sævari Marinó hafi báðum verið illa við Einar bróður hennar, og lýsti hún því, er hún taldi Einar hafa gert á hluta hennar, og nefndi m. a., að Einar hafi verið mikið á móti því, að hún væri með Sævari Marinó. Erla kvaðst ekki hafa átt neitt sökótt við Valdimar Olsen og hann hafi aldrei gert neitt á hennar hluta. Hún hafi þekkt Huldu, systur Valdimars, og taldi Erla, að Valdimar hafi verið blandað í málið til þess að gera það eitthvað trúlegra. Hins vegar viðurkenndi Kristján Viðar ekki, að þetta væri rétt, og kannaðist ekki við, að það hefðu verið samantekin ráð að blanda ofangreindum mönnum í Geirfinnsmálið. Hann skýrði frá því, að hann teldi, að sagan um tengsl þeirra Einars Bollasonar, Valdimars Olsen og Sigurbjörns Eiríkssonar við málið hafi verið frá Erlu komin og að lögreglumennirnir hafi trúað henni.

Guðjón Skarphéðinsson sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 8. desember 1976, að hann gæti fullyrt, að Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson væru allir saklausir af dauða Geirfinns Einarssonar. Hann hafi engan þátt átt í því að bendla þá saklausa við þetta mál. Hann sagði, að verið gæti, að eftir að Sævar Marinó kom til landsins frá Danmörku í mars 1975, hafi hann látið eitthvað að því liggja, svo Guðjón heyrði, að Klúbbmenn væru við málið riðnir. Það hafi

þá verið almannarómur, en alls ekki hafi verið talað um að flækja málið með því að bendla þá við það, ef ákærðu yrðu handtekin. Hann kvað sér hafa verið fullljóst, að þessir menn væru saklausir, þegar þeir voru settir í gæsluvarðhald, og hafi þetta hvílt mjög á samvisku sinni, þótt hann hefði ekki haft kjark til að segja frá málinu þá.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 19. desember 1977, voru ákærðu Sævar Marínó, Erla og Kristján Viðar fundin sek og talin hafa gerst brotleg við 1. mgr. 148. gr. almennra hegningarlaga. Segir í dómnum:

„Ákærðu Sævar Marínó, Erla og Kristján Viðar hafa öll viðurkennt að hafa gefið áður raktar skýrslur hjá lögreglu og fyrir dómi um þátttöku margnefndra fjögurra manna í ferð til Keflavökur 19. nóvember 1974 og í átökum, sem leiddu til dauða Geirfinns Einarssonar, svo og um smygl þeirra á áfengi. Ákærðu Sævar Marínó og Erla fullyrða bæði, að það hafi verið samantekin ráð allra ákærðu að bendla menn þessa við málið, ef þau yrðu handtekin, til að torvela rannsóknina. Þessu hefur Kristján Viðar neitað, en framburðir hans gefa þetta þó sterklega til kynna. Verður að telja, að hann beri fulla ábyrgð á framangreindum skýrslum sínum og framburður hans um, að rannsóknarmenn og fangaverðir hafi ráðið því, hvert yrði efni þessara skýrslna, ekki tekinn til greina.“

Í dómi þessum var talið sannað, að ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marínó og Guðjón hafi ráðist á Geirfinn Einarsson í Dráttarbrautinni í Keflavík um kvöldið 19. nóvember 1974, tekið hann hálstaki, barið hann með hnefum og spýtu, uns hann beið bana. Var tekið fram, að þótt ákærðu segðust ekki hafa ætlað að svipta Geirfinn lífi, hafi árásin á hann verið með þeim hætti, að þeim hafi átt að vera ljóst, að hún gat leitt til dauða. Voru ákærðu því taldir hafa með atferli sínu orðið brotlegir gegn 211. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marínó voru og fundnir sekir um að hafa svipt lífi Guðmund Einarsson í Hafnarfirði auk auðgunarbrotá og fleiri brota. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm sinn 22. febrúar 1980.

Í dómi Hæstaréttar segir um II. kafla ákærunnar, þ. e. um rangar sakargiftir á hendur Erlu Bolladóttur, Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Marínó Ciesielski, að framburðir hinna ákærðu, þar sem þau bendla fjóra nafngreinda menn við andlát Geirfinns Einarssonar, séu raktir í héraðsdómi svo og játningar ákærðu Erlu og Sævars um, að þetta hafi verið samantekin ráð hjá hinum ákærðu til að torvela rannsókn málsins. Ákærði Kristján hafi að vísu ekki gengist við því, að um samantekin ráð hafi verið að ræða, en fullljóst sé, að hann hafi borið fjóra menn röngum sökum gegn betri vitund og beri refsíabýrgð á því. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til héraðsdómsins beri að staðfesta þau málalok, að hin ákærðu hafi með háttsemi sinni gerst sek um brot á 1. mgr. 148. gr. almennra heg-

ingarlaga, sbr. 15. gr. laga nr. 101/1976, sem hér eigi við, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Framburðir ákærðu hafi leitt til þess, að þeir fjórir menn, er þau hafi borið sökum, hafi sætt allangri gæsluvarðhaldsvist, og beri við ákvörðun refsingar að lita til þessara afdrifaríku afleiðinga af broti þeirra.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi, Einar Gunnar Bollason, styður kröfur sínar þeim rökum, að hann hafi ekkert tilefni gefið til handtöku sinnar og eftirfarandi gæsluvarðhalds og frelssissviptingar. Hér hafi verið um að ræða handtöku, gæsluvarðhald og frelssiskerðingu að ósekju, sem ljóst sé og viðurkennt, að stefnda ríkissjóði beri að bæta honum skv. XVIII. kafla laga nr. 74/1974. Þrátt fyrir áskoranir hafi stefndi ekki fengist til að greiða bætur og hafi málssóknin því verið óhjákvæmileg. Stefndu viðurkenni bótaskyldu sína og fjalli deilan í máli þessu því alfarið um fjárhæð bótaanna.

Stefnandi styðji fjárhæð bótakröfu sinnar þeim rökum, að tjón hans hafi verið mikið, og því séu kröfurnar háar. Þegar litið sé til málsatvika, sé ljóst, að handtaka stefnanda hafi verið með öllu óþörf, eins og á stóð. Til grundvallar handtökunni hafi ekki legið annað en framburðir þriggja ungmenna, sem þá var ljóst, að viðriðin væru meiri háttar brot. Stefnandi hafi þegar lýst sig saklausan af hinum alvarlegu sakarefnum og hafi hann ákveðið að tefja ekki rannsókn málsins og kæra ekki gæsluvarðhaldsúrskurðinn til Hæstaréttar. Þrátt fyrir það, að ekkert kæmi fram við rannsókn málsins, er réttlætti frekara gæsluvarðhald, hafi það verið framlengt um 30 daga með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 11. mars 1976. Þessum úrskurði hafi verið skotið til Hæstaréttar og hafi Hæstiréttur staðfest hann með dómi, uppkveðnum 22. mars. Enn hafi ekkert komið fram við rannsókn málsins á þessum tíma, sem réttlætt hafi frekari gæsluvarðhaldsvist stefnanda, en þó hafi hann verið úrskurðaður í 30 daga gæsluvarðhald til viðbótar hinn 10. apríl 1976. Þá hafi af rannsóknardóm-aranum verið talið, að rannsókn málsins lyki fyrir páska, og hafi stefnandi þá ekki viljað skjóta úrskurðinn til Hæstaréttar. Stefnandi hafi þó ekki verið leystur úr haldi fyrr en 10. maí 1976, en hafi eftir það orðið að sæta takmörkun á ferðafrelsi og orðið að gefa sig reglulega fram hjá sakadómi Reykjavíkur fram til 1. júlí 1976.

Á öllu þessu tímabili hafi sakadómur látið frá sér fara ýmsar upplýsingar til fjölmiðla, sem bæru það með sér, að stefnandi væri grunaður um að hafa átt hlutdeild í dauða Geirfinns Einarssonar, og hafi handtakan vakið gífurlega athygli. Skrif dagblaða á þessum tíma um mál þetta og grun á stefnanda og þeim mönnum, sem þarna hafi með honum saklausir legið undir grun, hafi verið ógnvekjandi. Telja verði, að rannsóknardómurinn,

Örn Höskuldsson, hafi verið undir miklum þrýstingi, þar sem málið hafi verið blásið upp á ýmsan hátt, og hafi hann enn, eftir að stefnandi var laus við takmarkanir á ferðafrelsi, lýst því yfir í fjölmiðlum, að stefnandi væri enn grunaður um hlutdeild í Geirfinnsmálinu. Hafi svo staðið allt til mánaðamóta janúar—febrúar 1977, að haldinn hafi verið blaðamannafundur í sakadómi Reykjavíkur, þar sem tilkynnt hafi verið, að Geirfinnsmálið teldist upplýst, og spurningum fréttamanna, hvort stefnandi væri laus undan grun vegna Geirfinnsmálsins, hafi verið svarað játandi. Eftir á að hyggja liggi ljóst fyrir, að mat sakadóms á sakargögnum hafi verið alrangt og þess vegna hafi meðferðin á stefnanda ætíð verið óþörf. Stefnandi hafi leitast við að gera sér grein fyrir því, hvar hann hafi verið kvöldið 19. nóvember 1974, og um miðjan febrúar 1976 hafi þetta rifjast upp fyrir honum og hann hafi skýrt lögreglumönnum frá því. Sannast hafi, að stefnandi hafi þetta kvöld verið með félögum sínum í Knattspyrnufélagi Reykjavíkur og við barnagæslu og þeir, sem borið hafi um þetta, hafi ekki verið með flekk-aða fortíð eins og ungmennin, sem báru á stefnanda sakir. Þetta hafi allt verið mistök, bæði handtakan og hið langa gæsluvarðhald, en vitað sé, að rannsóknardómariinn hafi verið undir ákveðnum þrýstingi, og því hafi hinn mannlegi þáttur réttarkerfisins brostið. Í marsmánuði 1976 hefði dómariinn átt að staldra við og skoða þessa framburði alla og þá hefði komið í ljós, að ekki hafi verið á nokkurn hátt unnt að halda stefnanda lengur.

Ekki sé ástæða til að rifja upp hin gífurlegu skrif dagblaða um þetta mál og þátt stefnanda og þeirra saklausu manna, sem bornir voru sökum. Slík skrif séu vondur vitnisburður hugarfars þeirra, sem slíkt stundi, og geymist sem slík. Þó bendi stefnandi á skrif Morgunblaðsins, viðlesnasta blaðs þjóðarinnar, í leiðara hinn 11. maí 1976 og 13. maí 1976, sem báðir veki grun um, að stefnandi sé enn viðriðinn málið, en sönnun hafi ekki tekist enn. Mestu mistök rannsóknarmanna gagnvart fjölmiðlum hafi þó verið blaðamannafundurinn, sem haldinn var 27. mars 1976 í sakadómi Reykjavíkur. Af frásögnum blaða af fundinum sé ekki unnt að draga aðra ályktun en að stefnandi hafi í raun verið í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974 og að sakaráberarnir segi allt satt og þeim sé trúað.

Af völdum þessara yfirlýsinga og ummæla, sem rekja verður til sakadóms Reykjavíkur, er annaðist rannsókn málsins, hafi stefnandi orðið bæði fyrir beinu fjárhagslegu tjóni, en auk þess hafi hann orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum og óbærilegum miska. Leyfi stefnandi sér í því sambandi að benda á allar þær æsifréttir, er birtust í fjölmiðlum, sbr. dskj. nr. 15, 22 og 24, brottrekstur úr starfi Námsflokka Hafnarfjarðar, sbr. dskj. nr. 12 og 13, stefnandi hafi heilsu sinnar vegna verið ófær um að gegna starfi forstöðumanns Vinnuskóla Kópavogs sumarið 1976, en því starfi hafði hann gegnt árið 1975 og svo frá árinu 1977 og áfram. Stefnandi

hafi orðið að láta bæði af störfum þjálfara landsliðs Korfuknattleikssambands Íslands sem og að láta af starfi formanns þess sambands. Stefnandi hafi orðið fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni öllu þessu til viðbótar, svo sem nánar sé sundurliðað hér á eftir, bæði með miklum útgjöldum vegna lögfræðilegrar þjónustu, fjárhagslegu tapi vegna þess, að stefnandi hélt eigi einbýlishúsi því, er hann átti svo til fullgert að Heiðvangi 5, Hafnarfirði, tekjutapi vegna þess, að stefnandi missti aukavinnu sem kennari við Flensborgarskóla og missti jafnframt tekjur við sama skóla, þar sem honum hafi eigi verið falin áframhaldandi deildarstjórn við hann.

Stefnandi sundurliðar skaðabótakröfu sína þannig:

1. Töpuð aukavinna og deildarstjórn við Flensborgarskóla 26. janúar—10. maí 1976	kr.	203.150
2. Töpuð deildarstjórn við Flensborgarskóla skólaárið 1976—1977	—	186.500
3. Töpuð laun vegna forstöðumennsku Vinnuskóla Kópavogs sumarið 1976	—	285.723
4. Töpuð laun vegna þjálfunar landsliðs KKÍ 1976	—	250.000
5. Tap vegna ótimabærrar sölu á Heiðvangi 5, Hafnarfirði	—	3.220.000
6. Launatap vegna brottreksturs úr starfi forstöðumanns Námsflokka Hafnarfjarðar að frádregnum til-dæmdum bótum	—	76.832.744
7. Lögfræðilegur kostnaður 26. janúar—1. ágúst 1976	—	492.000
8. Miski	Kr.	80.000.000
		Kr. 161.470.117
÷ hagræði vegna eingreiðslu ..	—	32.116.956

Alls kr. 129.353.161

Allir þessir kröfuliðir séu vandlega og ítarlega studdir af skjölum málsins. Síðasti liðurinn, miskabótakrafan, sé hið eina, sem skjalfast gögn liggi ekki fyrir um, enda sé hér um mikið matsatriði að ræða og telji stefnandi rétt að fara um hann nokkrum orðum. Miski sé hið ófjárhagslega tjón, sem stefnandi hafi beðið af þessum aðgerðum öllum og sem hann hafi saklaus

þurft að þola. Ráðist hafi verið á æru hans og stöðu hans í þjóðfélaginu hafi verið stórlega raskað. Hvað sé unnt að verðleggja slíkt? Fyrst með dómi Hæstaréttar hinn 22. febrúar 1980 hafi stefnandi endanlega verið leystur undan grun um að vera viðriðinn manndráp og hafi þar sakaráberarnir fengið sinn dóm. En meðferðin á stefnanda af hálfu ríkisvaldsins hafi verið slík, að nánast hafi verið um pyndingu að ræða. Allt gæsluvarðhaldið hafi verið til að skemma heilsu stefnanda og beri vottorð í málinu um það. Þannig hafi heilsa stefnanda, mannorð og æra verið skemmd, en hjá öllu þessu hefði mátt komast, ef gætt hefði verið réttra reglna um meðferð rannsóknarmála og að gæslufangar væru ekki geymdir í heilsuspillandi húsnæði. Bætur fyrir slíkt eigi ekki að vera þannig, að þeim, sem bæturnar beri, sviði meir við að fá þær, heldur eiga þær að bæta í raun áfall það, sem maður í stöðu stefnanda hefur orðið að þola.

Stefndu viðurkenna bótaskyldu, þar sem hún sé hlutlæg í tilvikum sem þessu. Stefndu styðja kröfu sína um lækkun bótakrafna stefnanda þeim rökum, að þær séu allt of háar og fjarstæðukenndar. Af stefndu hálfu sé viðurkennt, að stefnandi hafi setið saklaus í gæsluvarðhaldi, og um slíkt sé ekki deilt í málinu. Hins vegar sé á engan hátt á það fallist, að mistök hafi átt sér stað við framkvæmd rannsóknarinnar og að bótaskylda sé fyrir hendi af þeirri ástæðu. Reglur um meðferð opinberra mála geri ráð fyrir, að 1. tl. 67. gr. laganna, að mjög rúm heimild sé til þess að hneppa menn í gæsluvarðhald. Um það gildi ekki regla refsiréttarins „in dubio pro reo“ og þar með sé því fjarri, að sök aðilja þurfi að liggja fyrir, til þess að heimilt sé að hneppa hann í gæsluvarðhald. Þarna sé því mikið vald lagt í hendur rannsóknardómarans og raddir hafi heyrst um það að breyta þessu fyrirkomulagi. Tillaga þess efnis hafi komið fram á Alþingi, en hafi ekki náð fram að ganga. Þetta fyrirkomulag hafi því verið ákveðið og menn hafi ekki viljað breyta því, þótt það geti haft slík tilvik, sem mál þetta fjallar um, í för með sér. Andsvar við hinni ríku heimild til gæsluvarðhalds sé síðan að finna í bótareglum XVIII. kafla laganna og sé bótaábyrgð ríkissjóðs þar miklu ríkari en almennt gerist og engin sé þörf á að áfella við komandi dómara. Einungis sé þess krafist, að sá, sem sat í gæsluvarðhaldi, hafi líkur með sér að vera sýkn, þá fær hann dæmdar bætur. Þetta sé það fyrirkomulag, sem lögin geri ráð fyrir, og það beinlínis bjóði upp á, að slys sem þetta geti gerst, og mæli því enginn í móti. Þá sé einungis ósvarað spurningunni: Hvernig tjónið skuli bætt? Um þetta séu skoðanir skiptar. Sumir vilji halda fram táknrænum bótum, en aðrir vilja, að mjög háar fjárhæðir séu dæmdar. Háar fjárhæðir hljóti að byggjast á varnaðarsjónarmiðum skaðabótaréttarins, en í þessum tilvikum sé þeim ekki til að dreifa. Þegar tilgangur skaðabóta sé athugaður, þá sé ljóst, að erfitt sé að rökstyðja, að háar fébætur eigi frekar rétt á sér en táknrænar bætur. Dóm-

stólar eigi úrskurðarvald um fjárhæðina og um slíkar fjárhæðir hafi aldrei verið samið og sé þetta því hin eðlilega leið, sem farin hefur verið.

Stefndu andmæla því, að um nokkur mistök hafi verið að ræða af hálfu rannsóknarmanna, sem leitt hafi til hinnar löngu gæsluvarðhaldsvistar stefnanda og þeirra þriggja annarra manna, sem hana þurftu að þola saklausir. Þeir hafi verið settir í gæsluvarðhald af óviðráðanlegum ástæðum, sem byggst hafi á því, að fram hafi komið samhljóða framburðir þriggja manna um aðild þeirra. Framburðir þessarra manna hafi fallið í sama farveg og framburður manns nokkurs hjá lögreglu í október 1975, en þá hafi ekki þótt næg ástæða til aðgerða af þessu tagi. Þessir sakaráberar hafi verið í einangrun hver frá öðrum í marga mánuði og hafi því verið ólíklegt, að um samræmdan framburð hjá þeim væri að ræða. Þarna hafi verið stærstu afbrotamál síðari tíma í rannsókn, flókin og erfið viðureignar, og því hafi þurft að sýna fulla varið. Rannsóknin á aðild fjórmenninganna hafi verið heildstæð og þeim hafi reynst erfitt að bera fram fjarvistarsannanir. Við rannsókn á meðferð ólöglegs áfengis hafi ýmislegt komið í ljós um stefnanda, sem sist af öllu hafi sýnt hann saklausann af áburði um meðferð á smygluðu áfengi og ólöglegu. Hæstiréttur hafi þegar staðfest réttmæti þessara aðgerða, þegar úrskurðir hafi verið kærðir til hans. Þannig sé fráleitt að telja, að um mistök hafi verið að ræða við uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurða. Því megi ekki gleyma, að sakamál þessi hafi reynst erfið og flókin í rannsókn og þau hafi tekið að þruga allt þjóðlífið og setja svip sinn á stjórn málaumræður. Í vitund almennings að minnsta kosti hafi þau tengst með réttu eða röngu fjölmörgum afbrotamálum öðrum. Við slíkar aðstæður hefði verið óverjandi með öllu af hálfu rannsóknaraðilja að láta ekki svo samræmdan framburð einangraðra sakarábera leiða til harkalegri viðbragða en ella, þar sem minnstu málsþjöll hafi getað skipt sköpum um það, hvort nokkru sinni tækist að ráða hinum torleystu sakamálum til lykta. Ekkert hafi verið til sparað af hálfu stefndu til að leiða sannleikann allan í ljós. Það hafi tekist og í ársbyrjun 1977 hafi tekist að hreinsa stefnanda og aðra þrjá gæsluvarðhaldsfanga af hinum illa grun, sem á þá hafði fallið af óviðráðanlegaum orsökum. Síðan hafi sakaráberarnir verið ákærðir fyrir meinsæri og dæmdir fyrir það í sakadómi og Hæstarétti.

Um einstaka kröfuliði stefnanda segja stefndu, að síðasti kröfuliðurinn, miskabætur, skeri sig algerlega úr og taki þeir hann því fyrst fyrir. Miskabætur í slíkum málum séu í raun sérstakt fyrirbæri hér á landi. Þrátt fyrir það sé fjárhæð stefnanda bæði fjarstæðukennd og bíræfin í meira lagi. Stefndu benda á, að mannorðshnekkir stefnanda hafi einungis verið tímabundinn og hann hafi fengið fulla uppreisn æru með málalokum sakamálsins. Stefndu telji tilhæfulaust, að miski stefnanda hafi aukist vegna þess, hvernig að handtökunni hafi verið staðið. Þvert á móti hafi verið reynt

að vekja sem minnsta athygli með því að hafa handtökuna svo snemma morguns, enda hafi það og verið nauðsynlegt, eins og á stóð. Um dvöl stefnanda í fangelsinu sé því andmælt, að aðbúnaði hafi verið svo stórlega ábótavant sem stefnandi segi. Viðurkennt sé, að hita og loftræstikerfi hafi verið gallað, og hafi það verið lagað eftir þetta og endurnýjað. Stefndu benda á, að aðstaða til að láta stefnanda njóta útivistar hafi ekki verið fyrir hendi, en engar reglur hafi verið til um slíkt. Varðandi samskipti rannsóknaraðilja við fjölmiðla, sem stefnandi leggi svo mikla áherslu á í miskabótakröfu sinni, þá geti stefndu á engan hátt fallist á sjónarmið hans. Bláðamannafundurinn 26. mars í sakadómi hafi verið nauðsynlegur. Þar hafi verið gerð grein fyrir höfuðatriðum rannsóknarinnar, þar sem ekki varð hjá því komist að gefa almenningi einhvern kost á að fylgjast með framvindu mála. Fjölmiðlar hafi leitað mjög fast eftir fréttum af rannsókninni og hafi þeir oft látið í ljósi óánægju með það, hversu handbærar upplýsingar hafi verið af skörum skammti. Á blaðamannafundinum hafi verið kallað eftir upplýsingum og tveir menn hafi gefið sig fram sem okumenn Erlu Bolladóttur eftir þennan fund og sýni það þegar nauðsyn fundarins. Þegar þetta sé virt og einnig, að af hálfu sakadóms hafi mjög verið reynt að stilla í hóf frásögnum af gangi rannsóknarinnar og að innan sakadóms Reykjavíkur hafi engar upplýsingar verið gefnar út fyrir þröngan hóp rannsóknarmanna, sé ljóst, að um eðlilegar reglur hafi verið að ræða í samskiptum rannsóknarmanna við fjölmiðla og ríkisvaldið geti á engan hátt borið ábyrgð á þeim skrifum, sem einstök blöð, misvönd að virðingu sinni, hafi látið sér sæma að birta á þessum tíma um þátt hinna sakarábornu manna. Telji stefnandi miska felast í slíkum skrifum, sé hann ekki á ábyrgð stefndu. Miskabótakrafa stefnanda sé því rakalaus og stefndu leggi áherslu á það, að miski stefnanda af gæsluvarðhaldinu hafi verið tímaburdinn, en ekki til frambúðar. Þegar litið sé til fjárhæða þeirra, sem dæmdar hafi verið í Hæstarétti fyrir gæsluvarðhald að ósekju á undanförunum árum, komi í ljós, að viðmiðun stefnanda við einn dóm, frá árinu 1959, eigi ekki rétt á sér. Aðrir dómar hafi gengið síðan og séu bótafjárhæðir allmiklu lægri. Ljóst sé, að stefna Hæstaréttar sé að dæma táknrænar bætur í slíkum tilvikum og reikningsaðferð stefnanda við rökstuðning þessum kröfulið standist ekki við samanburð á öðrum dómum. Sé t. d. skoðaður dómur Hæstaréttar árið 1975 í máli Flosa Halldórssonar gegn stefndu, en hann sat í gæsluvarðhaldi í 30 daga, komi í ljós, að eftir reikningsaðferð stefnanda hefði hann átt að fá í bætur kr. 2.190.000, en fékk tildæmdar kr. 350.000 í Hæstarétti, sem þó hafi verið hækkun frá dómi héraðsdóms. Þetta mál sé í raun að mörgu sambærilegt við mál stefnanda, þar sem aðili hafi þar verið endanlega hreinsaður af sakaráburði um alvarlegan glæp og

hafi því haft tímabundinn miska, hann hafi haft mikla vanlíðan og skortur hafi verið á læknishjálp á gæsluvarðhaldstímanum.

Um aðra kröfuliði segja stefndu, að í 1.—2. kröfulið krefjist stefnandi bóta vegna tapaðra launa fyrir aukavinnu og deildarstjórn við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Ekkert liggi fyrir í málinu, hvers vegna stefnanda hafi ekki verið falin deildarstjórn við skólann skólaárið 1976—1977, og sé liður 2 því vanreifaður. Kröfu um bætur fyrir aukavinnu í lið 1 sé einnig andmælt á þeim forsendum, að réttur til launa fyrir slík aukastörf, sem ekki séu unnin, sé einungis fyrir hendi, þegar veikindi hamli störfum, skv. sérstakri heimild í 17. gr. laga nr. 38/1954, sem sé undantekning frá meginreglunni um, að aukavinnu skuli aðeins greiða fyrir aukið vinnuálag, sbr. dóm Hæstaréttar 1966/266.

Í 3. kröfulið krefjist stefnandi bóta vegna tapaðra laun fyrir forstöðumennsku Vinnuskóla Kópavogs sumarið 1976, en þó hafi ekki verið sýnt fram á, að stefnanda hafi staðið starf þetta til bóða sumarið 1976. Sömu andmæli séu við 4. kröfulið, þar sem stefnandi krefjist bóta vegna tapaðra launa fyrir þjálfun landsliðs KKÍ.

Í 5. kröfulið krefjist stefnandi bóta vegna taps vegna ótímabærrar sölu á Heiðvangi 5, Hafnarfirði. Stefndu andmæli þessum kröfulið sem gersamlega tilhæfulausum og órökstuddum, enda hafi stefnandi ekki sýnt fram á það, að hann hafi verið knúinn til að selja eign sína eða beðið tjón við sölna. Ummæli stefnanda um, að það hafi verið sárindi að verða að sjá af húsi, sem þau hjónin hafi lagt svo mikið í, séu ekki nægileg rök.

6. tölulið andmæla stefndu á þeim forsendum, að hér sé um að ræða bótakröfu stefnanda fyrir launatap vegna brottreksturs úr starfi forstöðumanns Námsflokka Hljafnarfjarðar að frádregnum tildæmdum bótum, sem bæjarþing Hljafnarfjarðar hafi dæmt stefnanda. Sérstök ástæða sé til að andmæla þessum kröfulið, vegna þess að hér sé um að ræða bótakröfu vegna aðgerða bæjarstjórnar Hljafnarfjarðar, þ. e. 3ja manns. Þess vegna risi sú spurning, hvort hér sé um sennilega afleiðingu af tjónsatburðinum að ræða, sem stefndu eigi að bera ábyrgð á. Stefndu andmæli því, að þetta sé sennileg afleiðing, og benda á, að bæjarsjóður Hljafnarfjarðar beri einn ábyrgð á sínum aðgerðum gagnvart stefnanda. Menntamálaráðneytið hafi fyrir sitt leyti tekið aðra ákvörðun gagnvart stefnanda og hafi ekki vikið honum úr starfi. Stefnandi hafi síðan höfðað mál fyrir bæjarþingi Hljafnarfjarðar til þess að fá þessar bætur og hafi bæjarsjóður Hljafnarfjarðar verið dæmdur til að greiða honum kr. 201.986 með vöxtum og málskostnaði. Hliðsettur dómstóll, bæjarþing Reykjavíkur, geti ekki fjallað um sömu kröfu og þar hafi verið dæmd, heldur verði dómi bæjarþings Hljafnarfjarðar

einungis áfrýjað til Hæstaréttar. Það hafi stefnandi ekki gert og komi þessi kröfuliður ekki til álita í þessu máli.

7. kröfulið andmæla stefndu á þeim forsendum, að sakadómur Reykjavíkur hafi úrskurðað lögmanni stefnanda þóknun fyrir réttargæslustörf fyrir stefnanda, kr. 190.000. Kröfuharka lögmannsins gagnvart umbjóðanda sínum um frekari þóknun eigi því engan rétt á sér og því síður verði slík kröfugerð höfð uppi gagnvart stefndu í þessu máli.

Niðurstaða.

Eins og rakið hefur verið, urðu þau málalok bæði í sakadómi Reykjavíkur og Hæstarétti, að þeir Sævar Marínó Ciesielski, Kristján víðar Viðarsson og Guðjón Skarphéðinsson hafi ráðið Geirfinni Einarssyni bana í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974 og að Erla Bolladóttir hafi um þetta vitað og tekið þátt í að flytja líkið á afvikinn stað, þar sem það hefur ekki fundist enn. Eftir þetta hafi verið samantekin ráð þeirra Erlu, Sævars og Kristjáns að bendla fjóra nafngreinda menn við atburðinn til þess að torvelda rannsókn málsins. Þau hafi valið fjóra menn, stefnanda og þrjá aðra, og þessa menn báru þau sökum, sitt í hverju lagi, hjá þeim, sem um rannsókn þessa umfangsmikla máls fjölluðu. Tilgangi sínum náðu þau, mennirnir voru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald, og rannsókn málsins torveldaðist og beindist á rangar brautir, þar til upp komst um þetta viðbótarafbrot.

Þegar yfir rannsókn þessa sakamáls er litið, verður ekki séð, að um aðra kosti hafi verið að ræða en hneppa þessa menn í gæsluvarðhald og rannsaka, hvaða hugsanlega hlutdeild þeir hafi getað átt í verknaðinum. Það tókst að upplýsa um sakleysi þeirra að lokum, en það tók sinn tíma, og verður ekki séð, að þar hafi átt sinn þátt nokkur mistök eða gáleysi rannsóknarmanna, sem skapi ríkissjóði aukna bótaábyrgð gagnvart þessum mönnum. Menn eru varnarlausir fyrir slíkum sakaráburði, og er meinsæri því meiri háttar afbrot í almennum hegningarlögum, og liggur við því allt að 16 ára fangelsisrefsing, hafi brotið haft eða verið ætlað að hafa í för með sér velferðarmissi, eins og hér var raunin á. Þau Erla, Sævar og Kristján stóðu því beinlínis að því, að mennirnir voru teknir höndum og settir saklausir í gæsluvarðhald, sem þeir eiga rétt að fá bætt skv. reglum XVIII. kafla laga um meðferð opinberra mála. Ríkissjóður ber ábyrgð á slíkum bótum, enda þótt sýnt sé, að athafnir þær, sem bótaskyldar eru, hafi verið óviðráðanlegar, eins og á stóð, og rannsóknardómara og lögreglumönnum verði á engan hátt kennt um. Ber því að dæma stefnda ríkissjóð til að greiða stefnanda bætur fyrir fjártjón það og miska, sem hann verður talinn hafa orðið fyrir.

Um 1. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta vegna tapaðra launa fyrir

aukavinnu og deildarstjórn við Flensborgarskólann á þeim tíma, sem hann sat í gæsluvarðhaldi. Samkvæmt upplýsingum stefnanda er þetta föst aukavinna, er starfa hans fylgdi, sem hann hefur ekki fengið greitt fyrir, en föst laun hefur hann fengið greidd fyrir þetta tímabil.

Stefndu andmæla þessum kröfulið einungis á þeirri forsendu, að stefnandi eigi ekki rétt til launa fyrir slík aukastörf, sem ekki hafi verið unnin, þar sem það hafi ekki verið veikindi, sem hömluðu störfum hans, en andmæla því ekki, að stefnandi hefði fengið þessar greiðslur, ef hann hefði ekki verið hnepptur í gæsluvarðhaldið. Þar sem allt bendir til þess, að stefnandi hefði fengið greiðslur þessar fyrir aukavinnu, er starfa hans fylgdi, ef ekki hefði komið til gæsluvarðhalds, verður að telja, að þarna sé um fjártjón stefnanda að ræða, sem stefndu beri að bæta. Verður kröfuliður þessi því tekinn til greina.

Um 2. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta vegna tapaðra launa fyrir deildarstjórn við Flensborgarskóla skólaárið 1976—1977. Gegn andmælum stefndu verður ekki talið, að stefnandi hafi sýnt fram á, að það hafi verið vegna aðgerða stefndu, að hann hafi misst af þessu aukastarfi, og verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Um 3. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta vegna tapaðra launa fyrir forstöðumennsku Vinnuskóla Kópavogs sumarið 1976. Upplýst er, að stefnandi hafi gegnt þessu starfi árin 1975, 1977, 1978 og 1979. Allt bendi því til þess, að hann hefði einnig gengt því árið 1976, ef ekki hefði til gæsluvarðhaldsins komið. Hér er því um fjártjón að ræða, sem er bein afleiðing gerða stefndu, og ber að taka þennan kröfulið til greina. Fallast ber þó á þau rök stefndu, að bilastyrkur, kr. 46.100, sé greiðsla reksturskostnaðar bifreiðar eftir áætlun og að sparnaður stefnanda við rekstur bifreiðar sinnar hafi verið samsvarandi þessum kostnaði, og verður kröfuliðurinn því tekinn til greina með kr. 239.623.

Um 4. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta vegna tapaðra launa vegna þjálfunar landsliðs KKÍ 1976. Upplýst er, að stefnandi hafi verið ráðinn þjálfari landsliðsins veturinn 1975—1976, og að hann hafði fengið greitt helming af þjálfaralaununum, er gæsluvarðhaldið hindraði frekari störf. Telja verður því, að hér sé um að ræða beint fjártjón stefnanda vegna aðgerða stefndu, og ber að taka þennan kröfulið til greina.

Um 5. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta fyrir tap vegna ótímabærrar sölu á húsi fjölskyldu sinnar að Heiðvangi 5, Hafnarfirði. Hann bendir á, að þau hjónin hafi lagt mikla vinnu og fyrirhöfn í hús þetta, sem þau reistu, en skuldir hafi verið miklar. Vegna tekjutapsins á gæsluvarðhaldstímanum hafi ekki verið annars kostur en selja húsið til þess að forða því frá nauðungaruppboði. Húsið hafi verið sett í sölu hjá þremur fasteignasölum auk lögmanns stefnanda. Fasteignasalarnir hafi verið sammála um,

að fyrir húsið ættu að fást a. m. k. 25 milljónir, en þau hafi orðið að taka tilboði, sem hafi hljóðað upp á 22 milljónir, vegna flýtisins.

Gegn andmælum stefndu verður ekki talið, að stefnanda hafi tekist að sýna fram á, að hann hafi beðið fjárhagstjón við söluna á húsinu, sem stefndu beri ábyrgð á. Virt eru sjónarmið stefnanda varðandi sárindi þeirra hjóna við að þurfa að selja húsið, og verður það talinn miski, sem stefndu beri að bæta og tekið verður tillit til undir kröfulið 8.

Um 6. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta vegna tapaðra launa vegna brottreksturs úr starfi forstöðumanns Námsflokka Hafnarfjarðar að frádregnum tildæmdum bótum með dómi bæjarþings Hafnarfjarðar 27. júní 1978.

Stefnandi höfðaði mál á hendur bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h., bæjarsjóðs Hafnarfjarðar til greiðslu skaðabóta vegna meintrar ólögsmætrar uppsagnar úr starfinu, kr. 34.200.036. Með dómi bæjarþings Hafnarfjarðar var stefnandi talinn hafa verið lausráðinn starfsmaður með 3 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Talið var, að gæsluvarðhald stefnanda hafi ekki veitt bæjarsjóði Hafnarfjarðar heimild til að slita ráðningu stefnanda fyrirvaralaust, og var hann því talinn eiga rétt á skaðabótum vegna fyrirvaralausrar uppsagnar, sem hæfilegar voru taldar kr. 132.734. Hann var talinn eiga ógreidd laun fyrir gæsluvarðhaldstímabilið, sem jafnað var við veikindaforföll, kr. 69.252, og voru stefnanda því tildæmdar samtals kr. 201.986 ásamt vöxtum, en sýknað var af kröfu hans um miskabætur.

Í þessum kröfulið gerir stefnandi enn kröfu um að fá dæmd laun til frambúðar, eða þá kröfu, sem hafnað var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, þótt hún hafi nú verið útreiknuð á nýjan hátt af tryggingastærðfræðingi. Telja verður, að dómur bæjarþings Hafnarfjarðar sé ekki bindandi milli aðilja í þessu máli, og verður því að fjalla efnislega um þennan kröfulið.

Efnislega hafa stefndu andmælt þessum kröfulið á þeim forsendum, að hér sé ekki um sennilega afleiðingu af tjónsatburðinum, sem stefndu beri ábyrgð á. Hér hafi verið um að ræða sjálfstæða ákvörðun bæjarsjóðs Hafnarfjarðar gagnvart stefnanda, en ekki sennilega afleiðingu af aðgerðum stefndu. Á þetta ber að fallast með stefndu. Ekki verða talin bein orsakatengsl milli aðgerða stefndu gagnvart stefnanda og sjálfstæðri ákvörðun bæjarsjóðs Hafnarfjarðar um að víkja stefnanda úr starfi þessu. Stefndu bera því ekki ábyrgð á ákvörðun bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og verða því taldir bera skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna þessa kröfuliðs.

Um 7. kröfulið. Hér krefst stefnandi bóta vegna lögfræðilegs kostnaðar á tímabilinu frá 26. janúar til 1. ágúst 1976 að frádreginni þóknun, sem lögmanni stefnanda hafi verið úrskurðuð fyrir störf hans sem réttargæslumanni, með úrskurði, uppkveðnum 12. apríl 1977. Stefnandi leggur fram

sundurliðaðan reikning lögmanns síns, dags. 25. maí 1977, samtals að fjárhæð kr. 682.000. Stefnandi hefur gert sennilegt, að lögmaður hans hafi þurft að annast ýmis fjármálaleg og lögfræðileg störf fyrir hans hönd á gæsluvarðhaldstímanum fyrir utan hin beinu störf hans sem réttargæslumanns frá 26. janúar 1976 til 9. maí 1976. Rétt þykir því að taka þennan lið til greina með kr. 392.000.

Um 8. kröfulið. Hér krefst stefnandi miskabóta að fjárhæð 80 milljónir króna. Dómurinn telur einsýnt, að stefnandi hafi liðið miklar þjáningar í gæsluvarðhaldinu og eftir það. Skýrsla stefnanda um liðan sína, sem gefin var fyrir dómi, var á allan hátt trúverðug. Þar kemur ljóslega fram sú andlega þjáning að vera hnepptur saklaus í strangt gæsluvarðhald, sem framlengt er tvisvar sinnum og verður 105 dagar að lengd. Óvissan, kvíðinn og vanlíðanin, sem leiða til þess, að saklaus maður fer að efast um sitt eigið sakleysi og fer að halda, að hann hafi í raun verið flæktur í alvarlegan verknað án þess að muna slíkt. Áfallið, sem hann fékk, þegar hann var loksins laus og sá, hvað um hann hafði verið skrifað í blöðum, og þegar hann sá, hvað fjölskylda hans hafði þurft að liða. Þótt ekki sé fallist á það með stefnanda, að um mistök hafi verið að ræða af hálfu rannsóknarmanna í störfum sínum og samskiptum við fjölmiðla, verður að telja, að miski sé nógur samt. Telja verður og í ljós leitt, að stefnandi hafi beðið tjón á heilsu sinni í gæsluvarðhaldinu og þar hafi galli á hitunarkerfi fanga-hússins átt sinn þátt. Þegar á þetta er litið, þykja miskabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 18.000.000. Er þá sérstaklega haft í huga, að stefnandi hafði ekkert gert, sem varpað gat grun á hann fyrir hinn alvarlega verknað, sem hann var borinn sökum. Hér var einungis um að ræða samantekin ráð afbrotamanna um að varpa sök á stefnanda og þrjá menn aðra, ef athygli færi að beinast að þeim fyrir verknað, sem þau höfðu sjálf unnið. Þetta mál er svo sérstakt og vakti svo mikið umtal meðal alls almennings í landinu, að seint verður um gróíð.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu beri að greiða stefnanda samtals kr. 19.084.773 (þ. e. kr. 203.150 + 239.623 + 250.000 + 392.000 + 18.000.000) með vöxtum, sem ákveðast þannig: með 13% ársvöxtum frá 10. maí 1976 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979 og með dómvöxtum skv. 1. gr. laga nr. 56/1979, þ. e. hæstu innlánsvöxtum, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dómsins og með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Einnig verður stefndu gert að greiða stefnanda málaskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.550.000, en af þeirri fjárhæð hljóti talsmaður

stefnanda, Ingvar Björnsson héraðsdómslögmaður, kr. 2.400.000 í málsóknarlaun.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn, en uppsaga hans hefur dregist vegna umfangs málsins.

D ó m s o r ð:

Stefndi, ríkissjóður, greiði stefnanda, Einari Gunnari Bollasyni, kr. 19.084.773 með 13% ársvöxtum frá 10. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní 1979 og 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, kr. 2.550.000, þar með talin málssóknarlaun talsmanns stefnanda, Ingvars Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2.400.000.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.